

Ed.

947. Framhalds-nefndarálit

um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frumvarpið hefir enn tekið miklum breytingum í háttvirtri neðri deild og getur fjárlaganefndin ekki verið samþykk þeim öllum. Leyfir hún sjer því

að gera nokkrar breytingartillögur á sjerstöku þingskjali. Viðvíkjandi þeim vill nefndin gera þessar athugasemdir.

12. gr.

Nefndin getur ekki verið samdóma háttvirtri neðri deild um að leyfa að fresta miðstöðvarhituninni í holdsveikraspítalanum. Þetta verk hefir þegar dregist alt of lengi, og þar sem hjer er um mannúðarverk að ræða, lítur nefndin svo á, að hjer hafi háttvirt neðri deild ráðist á garðinn, þar sem hann var lægstur.

Þá getur nefndin enn eigi fallist á, að rjett sje að styrkja hinn margumrædda fábjana. Veldur því eigi fjárhæð styrksins, sem er smáræði eitt, heldur hitt, að yrði styrkur þessi veittur, þá væri óhjákvæmilegt að styrkja í framtíðinni fjölda af slíku fólki.

13. gr. B.

Nefndin getur ekki gengið lengra í fjárveitingum til vegagerða en fjárlaganefnd neðri deildar hefir gert, en við hennar tillögur vill hún una. Leggur hún því til, að í burtu falli fjárveitingarnar til Öxnadalsvegarins og Jökulsárbrúarinnar. Annars vísar nefndin til fyrri ástæða í nefndaráliti og framsögu.

13. gr. D.

Samkvæmt tilmælum þm. Barðstrendinga og þm. Dalamanna og álitsskjali landssímastjórans, vill nefndin láta það álit sitt í ljósi, að hún telur sjálfsagt, að um leið og simalínan frá Búðardal til Gilsfjarðar verður lögð, þá verði einnig lögð simalína yfir fjörðinn að Króksfjarðarnesi. Þó það hafi nokkurn aukinn kostnað í för með sjer, þá er auðsætt að hagur yrði meiri af Króksfjarðarneslinunni en ýmsum öðrum simalínum, og því ástæða til að flýta henni sem mest.

14. gr. B.

Nefndin getur enn eigi fallist á hækkun launa Sigurðar dócents Sivertsen. Er það bæði af þeim ástæðum, sem áður eru teknar fram í fyrra nefndaráliti, og þó eigi síður af hinu, að hjer er um tiltölulega nýtt embætti að ræða, og þar sem launanefndin nú starfar að því að rannsaka launakjör allra embættismanna, þá finst nefndinni mjög svo varhugavert að þingið fari að svo komnu að hækka laun einstakra embættismanna við háskólann.

Um 8. og 9. breytingartillögu vísast til fyrra nefndarálits, því nefndin heldur fast við skoðanir þær, sem áður eru látnar í ljósi í þessu efni.

15. gr.

Nefndin telur ekki rjett að veita fje sjerstaklega til þess að semja skýrslu um Þjóðmenjasafnið. Álitur nefndin að þetta heyri undir starf fornmenjavarðarins, einkum þar sem hann nú fær allríflega launahækkun. Vill hún því halda fast við að styrknum sje varið til þess að gefa út skýrslurnar eins og staðið hefir í frumvarpinu.

Nefndin heldur fast við fyrra álit sitt um aðgerð á Þingvöllum. Styrktist nefndin enn meir í skoðun sinni eftir að hún hafi átt tal við fornmenjavörðinn, og hann gefið nefndinni ýmsar skýringar, er nánar mun getið í framsögunni.

Það mun hafa verið mestmegnis af misskilningi að háttv. neðri deild lækkaði styrkinn til Hjartar Þorsteinssonar. Mun það hafa verið gert til samræmis við styrk til Steingrims Jónssonar, en þess ber að gæta að styrkur Hjartar er hafður svo hár vegna þess að hann hefir eigi fengið styrk fyr, en verður nú styrkþurfi 15 síðustu mánuði námsins.

16. gr.

Sökum meðmælabrjefs skógræktarstjóra, er fylgir launahækkunarbeiðni Einars Sæmundsens, getur nefndin ekki fallist á að hækka laun hans.

Nefndin vill halda fast við það, að veittar sje 5000 kr. til vatnsleitar í Vestmannaeyjum, en þykir rjett að láta athugasemdina við liðinn standa, þar sem gert er ráð fyrir að leitni muni kosta alt að 7000 kr.

Fyrir flestum af breytingartillögum þeim, sem eigi er gerð grein fyrir í þessu nefndaráliti eru áður færðar ástæður.

Alþingi 11. sept. 1915.

Karl Einarsson,
formaður.

Magnús Pjetursson,
skrifari og framsm.

Björn Þorláksson.

Sigurður Stefánsson.

Jósef Björnsson.